



# Félag Íslenskra Félagsliða

Stofnað 10. apríl 2003

Reykjavík, 19. apríl 2011

## Umsögn um frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Félag íslenskra félagsliða hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, lagt fyrir á Alþingi á 139. löggjafarþingi, þskj. 1252 – 728. mál.

### Almenn umsögn:

Yfir heildina séð þá lítur frumvarpið vel út en gerðar eru hér 3 athugasemdir.

### Athugasemdir:

1. Gerð er athugasemd við 8. gr. Þar vantar að persónulegur talsmaður geti sagt sig frá umboðinu og hvernig staðið skuli að því. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að hin persónulegi talsmaður vilji og þurfi að segja sig frá umboðinu, því þarf að vera regla á því hvernig það sé gert.


Lagt er til að greint sé frá því að hinn persónulegi talsmaður geti sagt sig frá umboðinu og það sé gert í samráði við viðkomandi trúnaðarmann.

2. Gerð er athugasemd við 10. gr. Þar þarf að koma fram hvenær má rjúfa þagnarskyldu líkt og kemur t.d. fram í 15. gr. núverandi læknaöðgum, einnig er greint frá þessari heimild í 17. gr. væntanlegra laga um heilbrigðisstarfsmenn. Gera þarf undantekningu frá þagnarskyldu þegar ljóst þykir að það að standa við hana muni valda meiri skaða en að rjúfa hana. Þagnarskyldan víkur tilkynningarskyldu.

Lagt er til að eftirfarandi verði bætt við 10. gr.: „Þetta gildir ekki þjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.“

3. Gerð er athugasemd að það vantar ákvæði um uppiýsinga- og vitnaskyldu.

Virðingarfyllst,

  
Jóhannes A. Levy  
Formaður